# BREYTT DEILISKIPULAG
# KYNNINGUPPDRÁTTUR




**Skýringarmynd:** Hluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040
Samþykkt í Bæjarstjórn 28. september 2021
Staðfest 28. desember 2021 - birt í b-deild 30. desember 2021

# VATNSENDI - NORÐURSVÆÐI

## Breyting skv. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
## Erindi frá fundi skipulagsráðs nr. 141, dags. 17.4.2023

ONE / 2304871

**Greinargerð Vatnsendi norðursvæði**
Almennt er vísað í skilmála og deiliskipulagsuppdrátt, xx

Deiliskipulagssvæðið; Vatnsendi Norðursvæði, er í austurhlíðum Vatnsendahvarfs og er hluti af heildarskipulagi alls Vatnsendasvæðis. Svæðið afmarkast af athafnasvæði og Vatnsendahvarfi til norðurs, Fornahvarfi og Vatnsendavegi til suðvesturs og fyrirhuguðu hverfi Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar til austurs. Deiliskipulagið var samþykkt 26. júlí 2002.

Forsendur og markmið:
Bæjarstjórn Kópavogs hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir Vatnsendahvarf/Vatnsendahæð í samræmi við aðalskipulag Kópavogs 2019-2040, sem liggur að skipulagssvæðinu. Nauðsynlegt er að aðlaga mörk deiliskipulags Vatnsenda norðursvæðis vegna þess. Umrætt deiliskipulag Vatnsendahvarfs/Vatnsendahæðar er auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi þessu.

Tillaga að breytingu:
Í tillögunni felst að breyta mörkum skipulagssvæðis Vatnsendi-norðursvæði í samræmi við nýtt deiliskipulag fyrir Vatnsendahæð. Þar er gert ráð fyrir nýrri 500 íbúða byggð á 29 hektara svæði með tvær akstursaðkomur innan Kópavogs, um Kambaveg og Turnahvarf. Mörk deiliskipulagsins Vatnsendi-norðursvæði munu flytjast að gönguleiðinni sem aðskilur skipulagssvæðið við nýja deiliskipulagið á Vatnsendahæð.

Möguleg umhverfisáhrif:
Umhverfisáhrif vegna breytinga á mörkum skipulagssvæðisins eru talin óveruleg miðað við gildandi deiliskipulag.

**Ferill máls:**
Skipulagsráð samþykkir með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að framlögð tillaga verði auglýst. Á fundi bæjarstjórnar þann 9.05.2023 var afgreiðsla skipulagsráðs staðfest.

Kópavogi, dags.

Auður D. Kristinsdóttir
skipulagsfulltrúi

Skýringar

| | |
|---|---|
| Byggingarreitur | Reiðleið |
| Bílageymsla í kjallara (byggingarreitur) | Göngustígur |
| Bindandi byggingarlína | Manir, hæð um 2,5 metrar |
| Mörk skipulagssvæðis | Hesthús |
| Lóðarmörk | Upphækkun og/eða þrenging |
| N m2. — Flatarmál lóða | Gömul landamerki (leiulanda-bletta) /girðingar |
| 5 h+k — Fjöldi hæða og kjallari | |
| B 24/0,7 — Heildarfjöldi bílastæða/ hlutfall í kjallara | |




**Deiliskipulag:** VATNSENDI - NORÐURSVÆÐI í mkv. 1:3000
Samþykkt í bæjarráði / bæjarstjórn 29. júlí 2002.




**Tillaga að breyttu deiliskipulagi:**
Vatnsendi - norðursvæði í mkv. 1:3000

KÓPAVOGSBÆR
Umhverfissvið / Skipulagsdeild
Kópavogi, 14.04.2023, uppfært 17.05.2023.

C:\Users\KristjanaH\Kópavogsbær\Skipulagsdeild - Documents\General\Vatnsendahvarf- Tillaga Til Auglýsingar April 2023\afmörkun Dsk Til Yfirferðardeil.n._agust 02 Netto_-mörkum Breytt.dwg

A3